

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2015
UST201502-586

Efni: Náma í Skurðsbrúnum við Húsavík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að opna nýja námu í Skurðsbrúnum um 3 km austan við iðnaðarsvæði á Bakka. Stórgrytti úr námunni verður nýtt til brimvarna og einnig er ráðgert að vinna efni í námunni í styrktar- og slitlög. Ráðgert er að taka allt að 149.900 m³ af efni á um 49.900 m² svæði.

Fyrirhuguð náma er á gróðurlitlu svæði nærrí línustæði fyrirhugaðrar háspennulínu sem liggja mun frá Þeistareykjavirkjun að iðnaðarsvæði á Bakka. Unnt verður að leggja námuveg að mestu leyti í vegstæði línuvegar, þó mun línuvegurinn verða nokkuð breiðari og efnismeiri á þessum kafla en annars staðar.

Náma er í grágrýtismyndun sem er algeng og nýtur ekki sérstakrar verndar. Á námusvæðinu eru talið vera algengt gróðurfélag sem hafi ekki sérstakt verndargildi. Á námusvæðinu er talið að einungis sé að finna algenga mófugla.


Til álita kom að nýta námur á Reykjaheiði áður en náman í Skurðsbrúnum kom til álita. Að mati Umhverfisstofnunar hefði nýting náma við Reykjaheiðarveg verið verri kostur vegna meiri neikvæðra sjónrænna áhrifa og áhrif á landslag. Að auki hefur verið gengið mjög vel frá ýmsum þessara náma. Umhverfisstofnun telur að þó fallið verði frá efnitöku í Grásteinsheiði ætti samt að fjarlægja grjótlager sem þar er og nýta átti við sömu framkvæmdir og efni úr Skurðsbrúnum. Náman í Skurðsbrúnum er á grannsvæði vatnsbóls sem ekki er nýtt. Til að unnt verði að nýta námuna mun vatnsverndarákvæði verða fellt út úr aðalskipulagi Norðurþings.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að náma í Skurðsbrúnum sé góður kostur í samanburði við frekari efnistöku úr nánum á Reykjaheiði sérstaklega þeim sem standa nærrí vegin og eru frágengnar. Náman er í algengri jarðmyndun sem ekki nýtur verndar, gróðurfar er algengt og mófuglar á svæðinu eru einnig algengir. Við efnistöku úr Skurðsbrúnum verður unnt að samnýta línuveg og draga þannig úr þörf fyrir sérstakan námuveg.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfallst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Ádalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri